

Fundur NOS

haldinn í Hveragerði föstudaginn 7. júní 2019 kl. 08:30

Mætt: Árni Eiríksson, Jón G. Valgeirsson, Ásta Stefánsdóttir, Björgvin Skafti Bjarnason og Sandra Dís Hafþórsdóttir, staðgengill Elliða Vignissonar, í forföllum EV, Halldóra Hjörleifsdóttir og Helgi Kjartansson boðuðu einnig forföll. Aldís Hafsteinsdóttir, formaður, stýrði fundi.

1. Starfsmannamál-forstöðumaður

Farið var yfir drög að ráðningarsamningi við Ragnheiði Hergeirsdóttur. Ráðningarsamningur var staðfestur og formanni falið að rita undir hann.

Ragnheiður Hergeirsdóttir kom inn á fundinn að lokinni afgreiðslu á ráðningarsamningi og var hún boðin velkomin til starfa.

2. Ársreikningur

Farið var yfir ársreikning, hann samþykktur og undirritaður.

3. Tillaga um aukningu á stöðugildi sálfræðings.

Farið var yfir tillöguna, sem áður var á dagskrá fundar NOS í maí. Samþykkt var að ráða sálfræðing í 100% starf.

4. Bakvaktir Félagsþjónustunnar.

Formanni var falið að óska eftir því við starfsmenn að gildandi samkomulag um bakvaktir verði framlengt til 1. ágúst nk. og ganga frá samningi þar að lútandi.

5. Önnur mál

a. Persónuverndarmál

Umræða varð um fyrirkomulag persónuverndarmála og persónuverndarfulltrúa til framtíðar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 09:30.

Ásta Stefánsdóttir, fundarritari